

L Ö G

43

14. apríl

um Kirkjubyggingasjóð.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Stofna skal sjóð, er nefnist Kirkjubyggingasjóður. Hlutverk sjóðsins er að veita þjóðkirkjusöfnuðunum vaxtalaus lán til kirkjubygginga í sóknum landsins og til varanlegra endurbóta á eldri kirkjum.

2. gr.

Ríkissjóður skal greiða í Kirkjubyggingasjóð kr. 500000.00 á ári næstu 20 ár. Stjórn sjóðsins skal skipuð þrem mönnum. Biskup landsins á sæti í stjórninni og er formaður hennar, en tveir stjórnarmenn skulu kosnir af Synodus til þriggja ára í senn. Reikningar sjóðsins skulu birtir í Stjórnartíðindum.

3. gr.

Ekki má veita lán úr sjóðnum samkv. 1. gr., nema teikning að kirkjubyggingu eða endurbót eldri kirkju hafi verið samþykkt af þriggja manna nefnd, er í skulu eiga sæti biskup landsins, húsameistari ríkisins og þriðji maður, sem kirkjumálaráðherra skipar. Árlegar tekjur kirkjunnar skulu vera til tryggingar láninu. Lánsupphæðin miðast við stærð kirkju og má nema allt að kr. 200.00 á hvern teningsmetra, þó aldrei meiru en kr. 1000.00 á hvern fermetra gólfflatar. Byggingarlánin endurgreiðast með jöfnum árlegum afborgunum á 50 árum.

Til endurbóta eldri kirkna má eigi veita hærri lán en sem svarar $\frac{2}{5}$ kostnaðar, samkvæmt reikningum, sem biskup úrskurðar. Lánin endurgreiðast á 20 árum með jöfnum afborgunum.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1955.

Bráðabirgðaákvæði.

Endurgreiða skal úr Kirkjubyggingasjóði vexti af lánum þeim til kirkjubygginga og endurbóta eldri kirkna, er tekin hafa verið eftir árslok 1945, enda sanni kirkjureikningar, að lánin nemi ekki stærri hluta af byggingar- og viðgerðarkostnaði en sagt er í 3. gr.

Gjört í Reykjavík, 14. apríl 1954.

Ólafur Thors.

Jörundur Brynjólfsson.
(L. S.)

Árni Tryggvason.

Steingrímur Steinþórsson.